

STAÐA MÁLS

Málnr.:	19-159F044
Dags:	28. október 2019
Staður:	Flugbraut 01 á Keflavíkflugvelli
Lýsing:	Lýsti yfir neyðarástandi og lenti á lokaðri flugbraut
Staða máls:	Október 2020: Í rannsókn Október 2021: Skýrsludrög í vinnslu

Flugvél TF-ISF (Boeing 757-200) var að nálgast Keflavíkflugvöll á flugi frá Seattle, þegar flugvöllurinn lokast klukkan 06:04 eftir að flugvél rann út af enda flugbrautar 01. Fór því flugvél TF-ISF í biðflug nálægt Keflavíkflugvelli.



Á meðan á biðfluginu stóð, klukkan 06:21, lýsti flugstjóri flugvélar TF-ISF yfir neyðarástandi og sagðist verða að lenda á flugbraut 01 á Keflavíkflugvelli vegna lágrar eldsneytisstöðu.

Klukkan 06:27 þann 28. október 2019 lenti flugvél TF-ISF, án heimildar, á lokaðri flugbraut 01 á Keflavíkflugvelli.

Rannsóknin beinist meðal annars að eldsneytimálum flugrekandans, undirbúningi flugsins, eldsneyti flugsins, veðri, þjónustustigi Keflavíkflugvallar, hálkuvarna á Keflavíkflugvelli, viðbragðsgetu við opnun varaflugvalla, viðbragðsgetu við hálkuvarnir varaflugvalla, sem og kerfislægra misbresta.